



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Umsögn um erindi Nýs takmarks um beiðni um húsnæði nálægt Barónsstíg 13.

Forsaga:

Með bréfi dags. 29. nóvember 2018 óskuðu félagasamtökin Nýtt takmark eftir því að Reykjavíkurborg útvegaði þeim tvær fjögurra herbergja íbúðir í nágrenni við áfangaheimili þeirra að Barónsstíg 13, gegn hófstilltri leigu. Með því móti gætu þeir tryggt öllum íbúum á Barnónsstíg einbýli og hægt væri að bjóða 21 einstaklingi dvöl í stað 18 í dag (12 á Barónsstíg og 9 í þremur félagslegum íbúðum).

Umsögn:

Nýtt takmark er almennt félag sem rekur áfangahús að Barónsstíg 13 fyrir einstaklinga sem lokið hafa vímuefnaeðferð. Á heimilinu eru rými fyrir 15 einstaklinga, þar af þrjú tvíbýli en brottfall hefur verið mest af heimilinu þegar menn þurfa að dvelja tveir saman í herbergi.

Reykjavíkurborg leigir Nýju takmarki húsnæðið að Barnónsstíg. Húsaleigan miðast við opinbert matsverð eignarinnar eða um 640.000 kr. á mánuði en Nýtt takmark fær styrk sem nemur 75% leigunnar í formi innri leigu. Nýtt takmark leigir auk þess fjögurra herbergja íbúð á Grettisgötu af Félagsbústöðum og greiðir 161.019 kr. á mán. Nýtt Takmark fær styrk á grundvelli styrkjareglna til áfangaheimila og nam styrkurinn 2,3 mkr. á árinu 2018.

Samkvæmt síðasta dvalardagalista frá Nýju takmarki þá hafði 51 einstaklingur dvalið á Nýju takmarki árið 2018. Þar af voru 37 með lögheimili í Reykjavík.

Það að gera Nýju takmarki kleift að leigja tvær fjögurra herbergja íbúðir til viðbótar sem tímabundinn áfangastað fyrir einstaklinga sem aftur eru á leið út í lífið er jákvætt. Slíkt getur stuðlað að áframhaldandi bata þeirra reykvísku einstaklinga sem eru að reyna að koma fótunum undir sig að nýju. Samkvæmt ársskýrslu Nýs takmarks fyrir árið 2017 var 100% nýting á rýmum. Vaxandi eftirspurn er eftir búsetu og oft um biðlista að ræða. Flestir sem dvelja á hjá Nýju takmarki eru að koma úr meðferð frá SÁÁ.

Sé farin sú leið að Nýtt takmark leigi af Félagsbústöðum tvær íbúðir hefur það í för með sér uppsögn núverandi leigjenda með tilheyrandi raski fyrir þær barnafjölskyldur sem þar búa. Að auki eru fáar fjögurra herbergja íbúðir í hverfinu og því erfitt um milliflutning. Sérhver íbúð í eignasafni Félagsbústaða dýrmæt og spurning um forgang. Ef Félagsbústöðum er falið að kaupa nýjar íbúðir fyrir þessa starfsemi mun það falla undir heildarkaup þeirra á árinu og því fækka úthlutunum í félagslegt leiguhúsnæði.

Hins vegar væri hægt að fara þá leið að óska eftir að SEA keypti tvær fjögurra herbergja íbúðir og leigði þeim með sama hætti og Barónsstíg 13. Sú leið hefði ekkert rask í för með sér hvorki hvað varðar íbúa né áætluð kaup Félagsbústaða auk þess sem stuðningur Reykjavíkurborgar væri þá sjáanlegur í formi innri leigu. Að þessu virtu mælir velferðarsvið með því að þessi leið verði farin.